

Auglýsing um skipulagsmál í Húnabyggð

Niðurstaða sveitarstjórnar



Sveitarstjórn Húnabyggðar samþykkti á fundi sínum 11. nóvember s.l. að breyting á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna skilgreiningar efnistökusvæðis að Hnjúki, Vatnsdal skyldi öðlast gildi skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gögn og samantekt á málsmeðferð má finna á skipulagsgátt undir málsnúmeri **517/2025**

Sveitarstjórn Húnabyggðar samþykkti á fundi sínum 14. október s.l. að óveruleg breyting á Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 vegna breytingar á veglínu Skagavegar skyldi öðlast gildi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gögn og samantekt á málsmeðferð má finna á skipulagsgátt undir málsnúmeri **1429/2025**

Kynning tillögu á vinnslustigi – opið hús

Vinnslutillaga að nýju deiliskipulagi Blöndustöðvar með greinargerð, uppdrætti og umhverfisskýrslu verður kynnt á opnu húsi að Húnabraut 5 miðvikudaginn 19. nóvember n.k.

Tillagan felur í sér skilgreiningu núverandi starfsemi auk þess sem Landsvirkjun áformar frekari nýtingu falls á núverandi veituleið Blönduvirkjunar, frá Blöndulóni að Gilsárlóni skammt ofan Blöndustöðvar. Markmið verkefnisins er að fullnýta til orkuöflunar allt að 69 m fall á veituleið Blöndu frá Blöndulóni að inntakslóni Blöndustöðvar.

Vinnslutillaga er kynnt með athugasemdafresti frá 13. nóvember til 27. nóvember n.k.

Tillagan er aðgengileg á skipulagsgátt undir málsnúmeri **1013/2023** og þar skal einnig skila umsögnum varðandi tillöguna.

Breyting á Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010- 2030, Efnistökusvæði að Hvammsá – skipulagslýsing

Húnabyggð vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 vegna skilgreiningu efnistökusvæðis við Hvammsá í Langadal sem meðal annars mun nýtast á við gerð bakkavarna og viðhald á vegi um Langadal.

Breyting eru eftirfarandi:

Efnistökusvæði að Hvammsá, 25.000 m³ og 20.000 m²

Bakkavarnir, Um 0,5 km kafla við Blöndu til móts við Hvamm

Skipulagslýsingin er auglýst með athugasemdafresti frá og með 13. nóvember til og með 15. desember 2025.

Athugasemdum skal skila á skipulagsgátt eða skriflega á skrifstofu Húnabyggðar, Húnabraut 5 - 540 Blönduósi. Frekari upplýsingar er að finna á vef Húnabyggðar, www.hunabyggd.is

Skipulags- og byggingarfulltrúi